

## AUGLÝSING

### um breytingu á samþykktum fyrir Innheimtumiðstöð gjalda nr. 333/1996.

#### 1. gr.

Grein 2.1 orðist svo:

Innheimtumiðstöðin er hagsmunasamtök höfunda, listflytjenda og framleiðenda til réttargæslu í samræmi við 3.-6. mgr. 11. gr. höfundalaga. Innheimtumiðstöðin hefur það ekki að markmiði að safna eignum í eigin þágu.

#### 2. gr.

Grein 2.2, 1. tölul., orðist svo:

Að safna upplýsingum, annast innheimtu gjalda skv. 3.-6. mgr. 11. gr. höfundalaga og skipta þeim milli aðildarfélaganna.

#### 3. gr.

Grein 3.1 taki eftirfarandi breytingum:

Í stað „Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda“ komi „Framleiðendafélagið SÍK“.

#### 4. gr.

Grein 4.1 orðist svo:

Stjórn samtakanna skipa níu menn, tveir tilnefndir af STEFi, þrír af SFH, einn af Rit-höfundasambandi Íslands, einn af Framleiðendafélaginu SÍK, einn af Samtökum kvikmynda-leikstjóra og einn af Myndstefi. Varamenn skulu vera jafnmargir aðalmönnum og tilnefndir á sama hátt. Stjórnin velur sér formann og varaformann. Tilnefning stjórnarmanna gildir í tvö ár.

#### 5. gr.

Grein 4.3 orðist svo:

Hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði. Stjórnarfundur er lögmætur þegar formaður og fjórir meðstjórnendur sækja fund sjálfir eða varamenn þeirra.

#### 6. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á grein 4.6.

Fyrsti málsliður orðist svo:

Aðalfund fulltrúaráðsins skal halda í júnímánuði ár hvert. Skal til hans boðað með ábyrgðarbréfum með tveggja vikna fyrirvara. Aðra fundi í fulltrúaráðinu skal boða á sama hátt.

Lokamálsliður orðist svo:

Tillögur til aðalfundar skulu berast stjórn eigi síðar en 15. maí ár hvert.

#### 7. gr.

Grein 5.2 taki eftirtöldum breytingum:

Í stað „Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda“ í 2. tl. komi „framleiðendafélagið SÍK“.

Síðari málsliður 2. mgr. orðist svo:

Náist ekki samkomulag um breytingu á skiptingunni skal skera úr ágreiningnum skv. 6.1-6.4.

8. gr.

Grein 6 orðist svo:

6. Úrlausn ágreiningis um skiptingu tekna og meðferð fjár.
- 6.1. Ef ekki næst samkomulag um skiptingu tekna milli aðildarsamtaka eða ágreiningur ríkir milli þeirra um meðferð fjár IHM að öðru leyti skal sérstökum sáttasemjara falið að leita sátta milli aðildarsamtakanna. Skal hann skipaður af stjórn IHM hverju sinni og vera óháður aðildarsamtökunum. Ef ekki nást sættir innan þriggja mánaða frá því að sáttasemjarinn tók til starfa skal hann leggja fram málamiðlunartillögu um skiptingu tekna eða meðferð fjár. Ef 2/3 hlutar aðildarsamtakanna samþykkja tillöguna telst hún skuldbindandi fyrir öll samtökin, sbr. þó 6.3. Að öðrum kosti skal vísa ágreiningnum til úrlausnar gerðardóms skv. 6.2. Kostnaður af störfum sáttasemjara skal greiddur af IHM.
- 6.2. Gerðardómur leysir endanlega úr ágreiningi um skiptingu tekna milli aðildarsamtaka og um meðferð fjár IHM að öðru leyti. Skal gerðardómurinn skipaður þremur gerðarmönnum. Ef aðildarsamtökin koma sér ekki saman um gerðarmenn skulu þeir skipaðir af dómstjóra héraðsdóms Reykjavíkur. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um samningsbundna gerðardóma um gerðardóminn og málsmeðferð fyrir honum. Kostnaður af gerðardóminum skal greiddur af IHM, sbr. þó 6.3.
- 6.3. Nú sætta einhver aðildarsamtök sig ekki við málamiðlunartillögu sáttasemjara, þótt hún hafi verið samþykkt skv. 6.1, og geta þau þá vísað ágreiningnum til úrlausnar gerðardóms skv. 6.2 innan tveggja mánaða frá því að tillagan var samþykkt. Víki gerðardómurinn frá tillögunni, þannig að úrskurður hans verði hagstæðari þessum aðildarsamtökum, skal kostnaður af gerðardóminum greiddur af IHM. Að öðrum kosti skulu þau aðildarsamtök, sem vísuðu ágreiningnum til gerðardóms, bera kostnað af honum sjálf.
- 6.4. Eftir að endanleg niðurstaða um skiptingu tekna milli aðildarfélaga liggur fyrir samkvæmt framansögðu getur hvert aðildarsamtakanna sem er krafist endurskoðunar á henni. Skal krafa þess efnis vera gerð með eins árs fyrirvara, miðað við áramót.

9. gr.

Grein 7.1 orðist svo:

Til breytinga á samþykktum þarf meirihluta, 3/4 hluta atkvæða á fulltrúaráðsfundi, þar sem að minnsta kosti 4/5 hlutar aðildarfélaganna eru mættir.

Í samræmi við 6. mgr. 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. 2. gr. laga nr. 60/2000, staðfestast framangreindar breytingar á samþykktum Innheimtumiðstöðvar gjalda frá 7. júní 1996, sbr. auglýsing nr. 333/1996. Breytingarnar öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 29. janúar 2004.*

**Borgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

*Guðmundur Árnason.*